

Mál nr. 21/2007

M
og
X hf. vegna A
og
Y hf. vegna B

Árekstur á gatnamótum 4. janúar 2005.

Gögn.

1. Málskot móttengið 24. janúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 1. febrúar 2007.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A ók eftir Ægisgötu og beygði síðan til hægri vestur Túngötu. Strætisvagnin B ók austur Túngötu. Í lögregluskýrslu segir ökumaður B að vegna bíla sem var lagt misvel við Túngötuna þurfti hann að aka með miðlínu götunnar nokkuð undir ökutækinu. Þegar ökumaður B kom að gatnamótum Ægisgötu sá hann A aka af stað til vesturs og er þeir mættust skulu þeir saman. Ökumaður A segist enga umferð hafa séð þegar hann ók inn á götuna. Síðan hafi hann alltaf einu séð strætó go árekstur hafi orðið.

Álit.

Fyrir liggur af gögnum málsins að biðskylda var á A. Honum bar að veita allri umferð eftir Ægisgötu forgang. Eins og aðdragandi árekstursins var og aðstæður allar telst A eiga alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á A.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.